

Lífeyrissjóður Rangæinga

Suðurlandsvegi 3, 850 Hella

Ársfundur 2021 v. 2020

Fundargerð

Fundarstaður : Stracta Hótel, Helli.

Fundartími : Miðvikudagur 12. maí 2020, kl. 20.00.

Eydís Þ. Indriðadóttir, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Rangæinga, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn formlega. Bar upp tillögu þess efnis að hún tæki að sér að stjórna fundinum og að Unnur Elín Jónsdóttir riti fundargerð. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Mætt: Eydís Þ. Indriðadóttir formaður stjórnar, Óskar Pálsson stjórnarmaður, Heimir Hafsteinsson stjórnarmaður, Guðrún Elín Pálsdóttir stjórnarmaður, Þröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri, Árni Þorgilsson endurskoðunarnefndarmaður, Drífa Hjartardóttir, Hilmar Harðarson, Kristján Pálmason, Ólafur Gylfason, Arnar Freyr Ólafsson, Guðmundur Svavarsson, Margrét Jóna Ísólfisdóttir, Jóhann Óskar Haraldsson endurskoðandi, Hjörleifur Arnar Waagfjörð, Haraldur Y. Pétursson og Unnur Elín Jónsdóttir.

Gengið til dagskrár. Eydís Þ. Indriðadóttir stýrði fundi.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar.

Lífeyrissjóður Rangæinga starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs. Lífeyrissjóðurinn var stofnaður 12. janúar 1971 og er því á fimmtugasta starfsári sínu. Hrein eign sjóðsins í árslok 2020 til greiðslu lífeyris nam 16.269 milljónir kr. og hækkaði frá fyrra ári um 1.992 milljónir kr. eða m 13,9%. Fjöldi sjóðfélaga með réttindi í árslok 2020 var 11.193. Alls greiddu að meðaltali 1.028 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu en var að meðaltali 1.077 árið 2019. Iðgjöld á árinu 2020 námu alls um 780,2 millj. kr. og lækkuðu um 9,3% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur ársins námu um 355,6 millj.kr., sem er 12,6% aukning frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru að meðaltali 835 árinu en voru 767 árið 2019. Rekstrarkostnaður ársins

nam 38,5 millj.kr., en var 36,7 mkr. á árinu 2019. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2020 var 7,08% samanborið við 7,72% raunávöxtun 2019 og miðað við samræmda matsaðferð. Eignir sjóðsins í erlendri mynt hafa aukist nokkuð á undanförunum árum og eru nú 24,27% af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur haldið sig við áður markaða stefnu að auka vægi erlendra eigna í sínu eignasafni með jöfnum skrefum. Innviðurskoðun Arion banka hefur tekið út starfsemi sjóðsins á árinu 2020 og er niðurstaðan sú að innraeftirliti sjóðsins er gott í megin atriðum varðandi þá þætti sem komu til skoðunar.

Tryggingafræðileg úttekt fyrir árið 2020 liggur fyrir. Tryggingafræðileg staða sjóðsins breytist lítið nú á milli ára, lagast þó heldur. Munar þar helst um góða ávöxtun á árinu. Tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur lagast á undanförunum tveimur árum, þrátt fyrir lengingu lífaldurs og aukningu skuldbindinga. Eignir eru umfram skuldbindingar þ.e. sjóðurinn á fyrir áunnum skuldbindingum og heildarskuldbindingum. Það er ávallt gott í rekstri lífeyrissjóðs.

Árið 2020 var gott fyrir sjóðinn þrátt fyrir Covid, fækkun sjóðfélaga og lækkun iðgjalda. Markaðir hafa verið hagfelldir og haldið vel sjó. Ferðapjónustan og aðilar henni tengdir hafa orðið fyrir verulegu tjóni vegna Covid og hefur það haft áhrif á sjóðinn og atvinnulíf almennt á svæðinu. Þrátt fyrir þetta má segja að almenn starfsemi sjóðsins hafi gengið vel. Fundahöld stjórnar og fulltrúaráðs hafa gengið vel með aðstoð fjarfundabúnaðar. Stjórnin fundaði alls 12 sinnum á árinu og fulltrúaráð 2 sinnum. Þjónusta við viðskiptavini sjóðsins hefur verið tiltölulega órofin á tímabilinu og með hefðbundnu sniði. Nú á vormánuðum 2021 er bjartsýni ríkjandi og von til þess að mannlíf hér á landi taki við sér og verði með nokkuð eðlilegu móti. Það er vonandi að fimmtugasta starfsár sjóðsins verði gjöfult fyrir sjóðinn, land og þjóð.

2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Þróstur Sigurðsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Rangæinga lagði fram ársreikning ársins 2020 og Jóhann Óskar Haraldsson frá Deloitte kynnti ársreikninginn og fór yfir helstu niðurstöður.

Helstu niðurstöður eru í þús. Kr. :

| | |
|----------|---------|
| Iðgjöld | 780.242 |
| Lífeyrir | 355.648 |

| | |
|---|------------|
| Fjárfestingartekjur | 1.657.648 |
| Fjárfestingargjöld | 51.759 |
| Rekstrarkostnaður | 38.479 |
| Breyting á hreinni eign á árinu | 1.992.004 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 14.279.543 |
| Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris | 16.268.547 |

Jóhann Óskar Haraldsson kynnti ársreikning 2020 og skýrslu endurskoðanda, hrein raunávöxtun hækkar á milli ára og er um 7,1% á árinu 2020 samanborið við 7,7% árið áður. Hækkun hreinnar eignar til greiðslu lífeyris á árinu er 1.992 mkr. og í árslok 2020 er hrein eign til greiðslu lífeyris 16.268.547 mkr. Raunhækkun hreinnar eignar á árinu er 8,75% og lækkar milli ára um 1,81% sem skýrist að mestu af meiri verðbólgu í ár en í fyrra, en verðbólgan nam 3,49% árinu 2020 en 2,67% á árinu 2019 ásamt því að ávöxtun ársins 2020 var heldur lægri en árið á undan.

Iðgjaldaliðir lækkuðu um 81,2 mkr. milli ára eða um 9,28% milli ára. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga var 1028, og fækkaði um 122 eða 11,9%. Meðalfjöldi virkra lífeyrisþega var 835 á árinu 2020 samanborið við 767 lífeyrisþega á árinu 2019 sem er 8,1% fjölgun. Liðurinn hækkar í takt við fjölda lífeyrisþega þegar tekið er tillit til hærri launavísitölu. Fjárfestingartekjur hækka um 231,7 mkr. frá árinu 2019. Munar þar mestu um gengismun vegna erlendra gjaldmiðla og betri ávöxtun á skuldabréfum milli ára. Fjárfestingagjöld hækka um 9,7% á milli ára. Stærsti hluti fjárfestingagjalda er umsýsluþóknun sem sjóðurinn greiðir til Arion banka en 75% af umsýsluþóknun er færð meðal fjárfestingagjalda, önnur fjárfestingagjöld eru óveruleg. Skrifstofu og stjórnunar kostnaður hækkar á milli ára um 1,7 milljón eða 4,7%. 25 % af umsýsluþóknun sem greidd er til Arion banka er flokkuð meðal rekstrarkostnaðar. Á móti þeirri hækkun er lækkun í sérfræðikostnaði en aðrar breytingar eru minni. Eignarhlutar í félögum og sjóðum hækkuðu um 1337 mkr. á milli ára eða um 37 mkr. Mesta hækkunin var í erlendum hlutdeildarskírteinum sem hækkuðu um tæpar 1.137 mkr. milli ára. Skuldabréfaeign sjóðsins hækkar um 861,5 mkr. Stærstu breytingarnar eru í öðrum verðbréfum sem hækka á milli ára um 976 milljónir.

Bankainnstæður sem eru flokkaðar meðal fjárfestinga hækka um tæpar 35 mkr. á milli ára eða 12%. Handbært fé breyttist mikið milli ára eftir innlausn eigna og þeim fjárfestingarkostum sem standa sjóðnum til boða hverju sinni. Fjárfestingartækifæri sjóðsins hafa verið góð á árinu 2020. Handbært fé lækkar um 177,4 mkr. milli ára og

stendur í 221,8 mkr. í árslok 2020. Breytinguna á inngreiðslum má einkum rekja til fækkunar sjóðfélaga og lækkun vaxtatekna af bankainnistæðum á árinu. Breytinguna á útgreiðslu má rekja meðal annars til fjölgunar lífeyrisþega og hækkunar á umsýslukostnaði. Varðandi fjárfestingahreyfingar þá hefur sjóðurinn verið að fjárfesta meira á árinu en hann hefur selt. Keypt var fyrir 3,1 milljarða en selt fyrir 1,9 milljarða. Þegar tekið hefur verið tillit til afborgana og vaxta skuldabréfa og inngreiddra tekna eignarhluta þá eru útgreiðslur vegna fjárfestinga um 565 mkr. Þar sem fjárfestingar hreyfingar ársins eru hærri en ráðstöfunarfé til fjárfestinga á árinu skilar það sér í lækkun á handbæru fé í árslok.

Jóhann fór yfir yfirlit yfir helstu áhættur, þar sem gerð er krafa um það í alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Jóhann sagði frá niðurstöðu endurskoðunarinnar, engar verulegar athugasemdir komu fram við endurskoðunina. Bent var á að mikilvægt er að tryggja að tímalína hvað varðar gögn til og frá tryggingastærðfræðingi sé ásættanleg fyrir alla sem koma að uppgjörinu. Jafnframt bentu hann á að mikilvægt sé að fara reglulega yfir hvernig umsýslukostnaður er skipt milli fjárfestingagjalda og annars rekstrarkostnaðar og góður rökstuðningur sé til staðar vegna skiptingarinnar. Í dag er hlutfallið 75% / 25%. Stjórn hefur þegar samþykkt að breyta hlutfallinu og verður rökstuðningur og hvernig hlutföllin breytast klárað á árinu 2021. Hefur þessi skipting áhrif á útreikning á trygginga fræðilega stöðu. Niðurstaða prófana á eftirlitsaðgerðum er að hönnun og innleiðing þeirra er fullnægjandi. Virkni eftirlitsaðgerða voru ekki prófaðar. Engar verulegar skekkjur fundust við endurskoðun á tryggingafræðilegri stöðu.

Við skoðun okkar á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins var tryggt að hún væru í samræmi við niðurstöður tryggingastærðfræðings. Fengum við einnig upplýsingar um þau gögn sem hann notast við í sinni úttekt og lásum yfir þær forsendur sem notast er við og hvort óhæðis-skilyrðum sé fullnægt. Ferlið við útreikning tryggingafræðilegrar stöðu var yfirfarið og lagt mat á aðferðafræði og forsendur. Að auki var farið yfir eftirlit tryggingastærðfræðings á réttmæti útreiknings. Við könnuðum heild þeirra gagna sem tryggingastærðfræðingur fær frá sjóðnum og notar sem forsendur í útreikningum. Tekin voru úrtök úr endurmatsútreikningum og taðfest að nafnverð og bókfært verð stemmdi við endurskoðuð gögn.

Farið var yfir að tryggingafræðileg staða frá tryggingastærðfræðingi stemmdi við tryggingafræðilegt yfirlit og skýringu í ársreikningi. Óveruleg breyting er á tryggingafræðilegri stöðunni milli ára og er hún jákvæði í árslok 2020 um 0,4%, þ.e. eignir umfram skuldbindingu. Engar breytingar hafa verið á forsendum útreiknings milli ára. Skýrist staðan einkum af góðri ávöxtun ársins.

Orðið var gefið laust. Enginn tók til máls og engar athugasemdir gerðar.

Ársreikningur Lífeyrissjóðs Rangæinga var borinn upp og samþykktur samhljóða.

Haraldur Yngvi Pétursson fór yfir þróun markaða á árinu 2020 samanborið við 2019. Hann sagði þetta hafi verið gott ár á mörkuðum líkt og ári á undan, 2019. Haraldur fór yfir ávöxtun 2020, nafnávöxtun 10,8% og raunávöxtun 7,1%. Skuldabréf sjóðsins gáfu mestan hluta ávöxtunarinnar sem og erlend hlutabréf. Haraldur fór yfir eignasamsetningu sjóðsins, fjárfestingastefna sjóðsins er enn tiltölulega varfærin. Það hefur þó verið meiri áhersla á að auka við í erlendum eignum, fært úr innlendum skuldabréfaflokkum yfir í áhættumeiri eignir eins og erlend hlutabréf og skuldabréf. Haraldur fór yfir 5 stærstu eignir sjóðsins og sundurliðun á innlendum hlutabréfum.

Haraldur fór yfir markaðinn það sem af var ári 2021. Ávöxtun sjóðsins hefur farið mjög vel af stað, 2,7% raunávöxtun frá áramótum.

3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt

Þróstur Sigurðsson lagði fram úttekt Bjarna Guðmundssonar tryggingafræðings sjóðsins fyrir árið 2020. Fór yfir forsendur útreiknings og niðurstöður. Sjóðurinn stendur í jákvæðri stöðu upp á 0,4%, þ.e. eignir eru umfram skuldbindingar. Þróstur sagði tryggingafræðilega stöðu batna lítillega á milli ára, hún var á síðasta ári 0,3%. Helsta ástæða er mjög góð ávöxtun liðins árs.

4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Haraldur Yngvi Pétursson gerði grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Haraldur fór yfir hlutfall hvers flokks og breytingar á milli ára. Haraldur gerði grein fyrir vilmörkum í hverjum eignaflokki fyrir sig. Stefnan er að auki aðgengileg á heimasíðu sjóðsins.

Spurt var um líftíma sjóðsins og þróun á líftíma sjóðsins.

Haraldur sagði: við gerum ráð fyrir endalausum líftíma, það koma nýir inn og eldri detta út. Miðað við spár þá er sjóðurinn að stækka í 20 ár í viðbót og svo fara eignir og skuldbindingar að jafnast saman.

Tryggingastærðfræðingur, í sínum útreikningum, gerir hins vegar ráð fyrir að nýliðun sé ekki fyrir hendi og tekur þá saman eignir og skuldbindingar miðað við áramót og liðið ár.

Spurt var: vægi í skuldabréfunum er að lækka núna, er verið að taka meira inn í erlendum eignum? Það er rétt sagði Haraldur, við höfum líka verið að taka aðeins meira af fyrirtækjaskuldabréfum inn, til að ná aðeins meiri ávöxtun. Þróun safnsins hefur verið í þá átt að auka erlendar eignir, en í smáum en jöfnum skrefum.

Spurt var: Innlendar óskráðar eignir? Haraldur fór yfir helstu eignir sjóðsins sem eru flokkaðar sem óskráðar.

Ekki komu fram frekari spurningar. Haraldi var þakkað fyrir sitt framlag til fundarins.

5. Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins

Pröstur Sigurðsson gerði grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins. Hann fór yfir gildissvið og samkeppnissjónarmið.

Stefnan er óbreytt frá fyrra ári og aðgengileg á heimasíðu sjóðsins.

6. Gerð grein fyrir starfskjarastefnu sjóðsins

Pröstur gerði grein fyrir starfskjarastefnu sjóðsins, starfskjarastefna á bara við um stjórn sjóðsins og fulltrúa í nefndum. Enginn starfsmaður er starfandi hjá sjóðnum sjálfum.

Engar athugasemdir voru gerðar við þennan lið.

Starfskjarastefna er samþykkt af öllum fundarmönnum.

7. Stjórnarkjör og kjör nefndar um laun stjórnarmanna, samkvæmt samþykktum

Stjórnarkjör, Pröstur fór yfir tilnefningar og kjör stjórnarmanna af hálfu aðildarféлага.

Af hálfu SA liggur fyrir skipan á fulltúum í stjórn sjóðsins.

Margrét Jóna Ísólfsdóttir er skipuð til eins árs eða til ársfundar 2022 og Guðmundur Svavarsson er skipaður til 2 ára eða til ársfundar 2023.

Fulltrúar atvinnurekenda á fundinum staðfesta þessa skipan.

Drífa Hjartardóttir var skipuð á síðasta ársfundi af hálfu SA sem varamaður til ársfundar 2022.

Af hálfu Verkalýðsfélags Suðurlands er tillaga um að Guðrún Elín Pálsdóttir verði kjörin aðalfulltrúi í stjórn sjóðsins til ársfundar 2022. Sömuleiðis er lagt til að Pétur Magnússon verði varamaður til ársfundar 2023.

Ekki komu fram aðrar tillögur. Fulltrúar verkalýðsarmsins samþykktu þessar tillögur samhljóða.

Til upplýsingar þá var Heimir Hafsteinsson kjörinn í stjórn af hálfu Fit til ársfundar 2022.

Launanefnd næsta starfsár

Af hálfu SA er lagt til að Óskar Pálsson og Eydís Þ. Indriðadóttir verði skipuð í launanefnd. Tillagan er samþykkt af hálfu fulltrúa SA á fundinum.

Af hálfu VlfS er lagt til að Kristján Pálmason verði fulltrúi í launanefnd.

Tillaga er samþykkt af hálfu fulltrúa verkalýðsarmsins.

Fráfarandi stjórnarmönnum þeim Óskari og Eydísi voru færðar miklar þakkir fyrir farsæl störf í þágu sjóðsins og nýjir stjórnarmenn boðnir velkomnir til starfa.

8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Þröstur fór yfir tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins. Tillögurnar voru samþykktar af hálfu stjórnar, staðfestar af hálfu fulltrúaráðs sjóðsins á fundi þann 13. apríl 2021, sendar til aðildarfélaga til kynningar með tilskyldum fyrirvara og hafa legið frammi á skrifstofu sjóðsins til kynningar fyrir sjóðfélaga sem og á heimasíðu.

Tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins vorið 2021, með vísan í samkomulag ASÍ og SA um lífeyrismál frá 4 mars sl. Um er að ræða breytingar á greinum 4.1, 4.3 og 5.5.

Rauðlitað er nýr texti.

4. Stjórn.

4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum. Tveir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi ásamt einum varamanni og tveir staðfestir af fulltrúum atvinnurekenda í fulltrúaráði á grundvelli

tilnefningar Samtaka atvinnulífsins ásamt einum varamanni. Óheimilt er að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjörtímabilinu nema hann bresti hæfi til að gegna stjórnarsetu samkvæmt lögum eða samþykktum sjóðsins. Tilnefningaraðili skal tilkynna stjórn sjóðsins með formlegum hætti rökstudda ákvörðun um afturköllun umboðs með tilvísun í viðeigandi lagaákvæði, samþykktir eða reglur.

4.3. Stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum skulu vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir, hafa gott orðspor og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprotaskipti o.fl. eða ákvæð um laga er varða opinbergjöld, svo og sér lögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunar samtaka Evrópu eða í Færeyjum. Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Stjórnarmenn skulu rækja skyldur sínar af heilindum, hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa sem slík seta krefst og taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig. Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins. Einstaklingur sem setið hefur í stjórn sem aðalmaður í 8 ár má ekki taka sæti sem aðalmaður fyrr en að þremur árum liðnum.

5.5 Eigi síðar en þremur mánuðum fyrir ársfund skulu fulltrúar stéttarfélaga í fulltrúaráði sjóðsins skipa þriggja manna nefnd sem gera skal tillögu um frambjóðendur fulltrúa sjóðfélaga til stjórnar og varamanns þeirra. Tillagan skal m.a. taka mið af uppruna sjóðsins og hafa það að markmiði að þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafi tilsvareandi aðkomu að stjórn sjóðsins. Tilnefningarnefndin skal setja sér eigin starfsreglur. Samtök atvinnulífsins skulu jafnframt starfrækja tilnefningarnefnd sem undirbýr tilnefningar Samtaka atvinnulífsins um fulltrúa atvinnurekenda til stjórnar og varamanns þeirra. Tilnefningarnefndir þessar skulu hafa formlegt samráð sín á milli með það að markmiði að tryggja að tillögur hvors aðila um sig séu með þeim hætti að stjórn verði í heild þannig samsett hverju sinni að hún búi yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt og geti sinnt málefnum sjóðsins af skilvirkni og heilindum. Afturkalli tilnefningaraðili umboð stjórnarmanns skal fulltrúaráð staðfesta þá ákvörðun ásamt tilnefningu nýs stjórnarmanns fram að næsta ársfundi.

Greinargerð fylgir með þessum tillögum til skýringar.

Greinargerð:

Með dreifi bréfi FME til lífeyrissjóða, dags. 3. júlí 2019, beindi FME því til stjórn lífeyrissjóða að taka samþykktir sínar til skoðunar í þeim tilgangi að skýra hvort og þá við hvaða aðstæður umboð stjórnarmanna verði afturkallað. Nokkur samskipti áttu sérstað, í framhaldinu, milli stjórnar sjóðsins og FME um málefnið. Helstu niðurstöður þessara samskipta voru að stjórn sjóðsins og FME voru samsinna í því að nauðsynlegt væri að skerpa á ákvæðum í samþykktum sjóðsins þannig að skýrt væri kveðið á um hvort, hvernig og við hvaða aðstæður umboð stjórnarmanna væri afturkallað. Í bréfi, dags. 15. feb 2021, óskaði FME eftir því að viðeigandi úrbætur yrðu gerðar á samþykktum sjóðsins.

Hinn 4. mars sl. gerðu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins með sér samkomulag um breytingar á kjarasamningi aðilanna um lífeyrismál frá 12. desember 1995. Í samkomulaginu koma fram efnisreglur varðandi afturköllun umboðs stjórnarmanna og um hæfi stjórnarmanna.

Tillögur að samþykktabreytingum sem lagðar eru til varðandi gr. 4.1 og 5.5, hafa það að markmiði að útfæra í samþykktum sjóðsins hvort, hvernig og við hvaða að stæður umboð stjórnarmanna verði afturkallað, á grundvelli ábendinga FME og til útfærslu á samkomulagi ASÍ og SA frá 4. mars sl. Lagt er til að óheimilt verði að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjörtímabilinu nema hann bresti hæfi til að gegna stjórnarsetu samkvæmt lögum eða samþykktum sjóðsins. Þá er því lýst með hvaða hætti umboð stjórnarmanns verði afturkallað komi til þess að viðkomandi bresti hæfi. Frumkvæði að slíkri afturköllun verði á hendi tilnefningaraðila með samþykki fulltrúaráðs hvors aðila um sig.

Þá ganga tillögur hvað varðar breytingu á gr. 4.3 út á að breyta hugtakinu “óflekkað mannorð” í “gott orðspor” vegna laga breytingar, sbr. 35. gr. laga nr. 141/2018. Aðrar breytingar á þessari grein má rekja til hins nýja samkomulags ASÍ og SA um hæfi stjórnarmanna.

Óskað var eftir að bera upp tillögurnar í heilu lagi til samþykktar eða synjunar. Ekki voru gerðar athugasemdir við það. Tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins voru því bornar upp.

Tillögurnar voru samþykktar af öllum atkvæðisbærum fulltrúum á fundinum.

Nýjar samþykktir munu verða sendar til Fjármála- og efnahagsráðuneytis til staðfestingar og taka gildi að því loknu.

9. Laun stjórnarmanna

Pröstur kynnti fyrirleggjandi tillögu frá launanefnd sjóðsins. Lagt er til að laun hækki um 7,5% fyrir næsta starfsár. Tillaga launanefndar um laun stjórnar LR, fyrir tímabilið júní 2021 til og með maí 2022, er því eins og kemur fram hér að neðan, breytingin er **rauðlituð** :

Laun stjórnarmanna

Almenn stjórnarlaun verði kr. 94.751,- á mánuði. **Tillaga að laun verði kr. 101.857 á mánuði (hækking um 7,5%)**

Varaformaður (ritari) er með 25% álag og laun verði því kr. **127.321,-** á mánuði.

Formaður stjórnar er með 50% álag og laun verði því kr. **152.786,-** á mánuði.

Varamaður stjórnar fær kr. **50.929,-** fyrir hvern setinn fund. Árslaun varamanna skulu þó að lágmarki vera samsvarandi 1 x mánaðarlaunum almenns stjórnarmanns.

Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað s.s. vegna aksturs á stjórnarfundi eða aðra þá fundi sem stjórnarmenn þurfa að sækja.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.

Tillagan var samþykkt samhljóða

10. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis

Pröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri kynnti tillögu stjórnar. Að fengnu álitni endurskoðunarnefndar sjóðsins, er það tillaga stjórnar að Jóhann Óskar Haraldsson, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte ehf., verði endurskoðandi sjóðsins árið 2021.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál.

Ekki var fleira rætt á fundinum.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til handa fundarstjóra og ritara að fá að ganga frá fundargerðinni eftir á og senda út þegar hún er tilbúin. Fundargerðin verður einnig birt og vistuð á heimasíðu sjóðsins.

Fundurinn gaf starfsmönnum fundarins heimild til að ganga frá fundargerðinni.

Fleira var ekki rætt.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi formlega kl. 21:23.

Fundarstjóri: Eydís Þ. Indriðadóttir

Fundarritari: Unnur Elín Jónsdóttir